



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga, dags, 9. janúar 2018, um gildistöku reglna um áfrýjunarnefnd velferðarráðs.***

Á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018, var lögð fram tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 9. janúar 2018, um gildistöku reglna um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs, ásamt fylgiskjali.

Framangreindar reglur voru samþykktar og sendast hér með borgaráði til staðfestingar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðstjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. janúar 2018

### **Tillaga sviðsstjóra**

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum um verksvið og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

### **Greinargerð:**

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 getur sveitarstjórn, í sérstökum tilvikum, skipað undirnefnd félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum og skal sveitarstjórn setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur skipað undirnefnd í samræmi við framangreint sem ber heitið áfrýjunarnefnd velferðarráðs og hefur nefndin verið starfandi í mörg ár. Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða umsóknir umsækjenda sem synjað hefur verið, að öllu leyti eða hluta, hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Í nýjum reglum er kveðið á um verksvið, skipan og starfshætti áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Í 1. gr. reglnanna er kveðið á um skipan áfrýjunarnefndar og skal hún skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru af velferðarráði. Skulu tveir fulltrúanna vera kjörnir fulltrúar í velferðarráði Reykjavíkurborgar og einn fulltrúi skal vera frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Þá skal kjósa tvo varamenn fyrir hvern aðalmann. Þá er að finna ákvæði sem lúta m.a. að hlutverki, fundum, verklagi og málsmeðferð í reglunum.

Fylgiskjal: Reglur um verksvið og starfshætti endurskoðunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

# **REGLUR**

## **um verksvið og starfshætti**

### **áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar**

#### **1. gr.**

##### **Skipan áfrýjunarnefndar**

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs er undirnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en þar segir að sveitarstjórn geti í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs er skipuð þremur fulltrúum, kosnum af velferðarráði til loka kjörtímabils borgarstjórnar og skal velferðarráð kjósa formann áfrýjunarnefndarinnar, sbr. 6. gr. samþykktar fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar. Starfsmaður og ritari nefndarinnar er lögfræðingur á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð kýs tvo aðalmenn sem skulu vera fulltrúar í velferðarráði og einn aðalmann sem skal vera fulltrúi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Velferðarráð kýs formann áfrýjunarnefndarinnar.

Velferðarráð kýs tvo varamenn fyrir hvern aðalmann. Varamenn kjörinna fulltrúa í velferðarráði skulu einnig vera fulltrúar í velferðarráði Reykjavíkurborgar. Varamenn fulltrúa frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar skulu einnig vera starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Ef nefndarmaður forfallast og getur ekki sótt fund skal varamaður hans taka sæti í nefndinni.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal vera fullskipuð svo að fundur teljist lögmætur. Allir nefndarmenn hafa eitt atkvæði og skulu nefndarmenn eftir fremsta megni komast að samhljóða niðurstöðu. Ef samhljóða niðurstaða næst ekki ræður afl atkvæða úrslitum.

#### **2. gr.**

##### **Hlutverk áfrýjunarnefndar**

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs endurskoðar umsóknir umsækjenda sem synjað hefur verið, að öllu leyti eða að hluta, hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs hefur heimild til að veita undanþágu frá þeim reglum sem gilda um þjónustu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir. Umsækjandi skal fara fram á undanþágu með sérstakri beiðni og greinargerð frá þjónustumiðstöð skal liggja fyrir.

Mál sem lagt er fyrir áfrýjunarnefnd velferðarráðs er metið samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja í málinu.

#### **3. gr.**

### **Fundarboðun og fundartími**

Boðað er til fundar áfrýjunarnefndar af hálfu skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs í samráði við nefndarmenn.

Ef nefndarmenn forfallast og geta ekki sótt fund skulu þeir boða varamann á fund í sinn stað.

Fundir áfrýjunarnefndar velferðarráðs skulu að jafnaði haldnir vikulega fyrir luktum dyrum í húsnæði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Fella má niður fundi í allt að sex vikur að sumarlagi.

### **4. gr.**

#### **Verklag**

Starfsmenn þjónustumiðstöðva skulu leiðbeina umsækjanda um rétt sinn til að fá ákvörðun endurskoðaða hjá áfrýjunarnefnd velferðarráðs. Ef umsækjandi þarf á aðstoð að halda vegna þessa skal hún veitt af þjónustumiðstöð. Óski umsækjandi eftir endurskoðun á ákvörðun þjónustumiðstöðvar skal hann senda skriflega beiðni þess efnis innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunar þjónustumiðstöðvar og skal bréf umsækjanda varðandi beiðni um endurskoðun ákvörðunar vera undirritað af honum og berast skrifstofu velferðarsviðs eða þjónustumiðstöð umsækjanda.

Þegar skrifstofu velferðarsviðs berst erindi frá umsækjanda, um endurskoðun ákvörðunar sem tekin var á þjónustumiðstöð, skal sent bréf til umsækjanda sem staðfestir móttöku erindis til áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Samhliða skal senda beiðni til þjónustumiðstöðvar um öflun upplýsinga og ritun greinargerðar.

Greinargerð frá þjónustumiðstöð skal berast skrifstofu velferðarsviðs innan 14 daga frá því að bréf umsækjanda um endurskoðun ákvörðunar barst skrifstofu velferðarsviðs eða þjónustumiðstöð.

Almennt skal miðað við að erindi séu afgreidd af áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að þau berast skrifstofu velferðarsviðs.

Greinargerðir og gögn sem berast skrifstofu velferðarsviðs þremur virkum dögum fyrir fund áfrýjunarnefndar velferðarráðs verða að öllu jöfnu teknar til meðferðar á næsta fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Mál eru tekin fyrir á fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs í þeirri röð sem þau berast.

Ef þörf er á frekari upplýsingum til að hægt sé að afgreiða einstök mál skal beiðni um slíkt send ráðgjafa með afriti á deildarstjóra. Upplýsingaöflun skal hraðað eins og kostur er. Ef um er að ræða umfangsmikla upplýsingaöflun og/eða frekari vinnu sem þarf að vinna áður en unnt er að afgreiða erindið verður málið endursent þjónustumiðstöð til frekari vinnslu.

### **5. gr.**

#### **Gögn fyrir áfrýjunarnefnd velferðarráðs**

Gögn eru kynnt fyrir nefndarmönnum á fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Gögn eða afrit af gögnum nefndarinnar eru ekki afhent nefndarmönnum. Nefndarmönnum er óheimilt að taka gögn eða afrit af gögnum með sér af fundum áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

## **6. gr.**

### **Fundargerðir**

Niðurstaða máls skal skráð í fundargerð sem lögð skal fram á næsta fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

Tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöðu mála frá áfrýjunarnefnd velferðarráðs skulu lagðar fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar tvisvar sinnum á ári.

## **7. gr.**

### **Niðurstaða áfrýjunarnefndar velferðarráðs**

Niðurstaða áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal tilkynnt umsækjanda með bréfi eins fljótt og unnt er.

## **8. gr.**

### **Þagnarskylda**

Nefndarmenn og starfsmenn áfrýjunarnefndar velferðarráðs eru bundnir þagnarskyldu um öll þau mál sem þau fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þrátt fyrir að nefndarmaður eða starfsmaður láti af störfum hjá áfrýjunarnefnd velferðarráðs.

## **9. gr.**

### **Vanhæfi nefndarmanna og starfsmanna**

Ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gilda um hæfi nefndarmanna og starfsmanna áfrýjunarnefndar velferðarráðs til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## **10. gr.**

### **Fullnaðarákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs**

Niðurstaða nefndarinnar er bindandi stjórnvaldsákvörðun. Starfsmönnum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ber að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar.

## **11. gr.**

### **Beiðni um rökstuðning**

Umsækjandi getur óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Beiðni um slíkt skal berast innan 14 daga frá því að umsækjanda var tilkynnt ákvörðunin. Starfsmaður nefndarinnar skrifar rökstuðning fyrir hönd áfrýjunarnefndar velferðarráðs og skal beiðni um rökstuðning svarað innan 14 daga frá því að hún barst, sbr. 3. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## **12. gr.**

### **Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sbr. 63. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## **13. gr.**

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

## **Gildistaka**